



AKUREYRARSTOFA



Akureyrarbær

Byggingalistaverðlaun Akureyrar 2021

Tilgangur með veitingu byggingarlistarverðlauna Akureyrarbæjar er að vekja athygli á góðri byggingarlist, auka þekkingu og skilning á gæðum bygginga og vera þannig hvati til góðra verka. Fyrst og fremst hefur verið fjallað um nýbyggingar en einnig vakin athygli á eldri verkum, t.d. með viðurkenningum til hönnuða markverðra nútímabygginga frá síðari hluta nýliðinnar aldar.

Þegar Akureyri óx og efldist sem iðnaðarbær á fyrri hluta 20. aldar, hafði funksjónalisminn haldið innreið sína í íslenska byggingarlist og mótaði hann bæjarmynd þessara uppgangsára. Funksjónalisminn þróaðist upp úr miðri öldinni yfir í það sem nú er almennt kallað móðernismi með bæði ströngum og fjölbreyttum og oft sérkennilegum formum. Straumarnir bárust að utan og hafði hröð uppbygging Evrópu eftir seinna stríð talsverð áhrif á byggingarlistina sem gjarnan mótaðist af einsleitni eða fábreytni afkastamikilla byggingaraðferða.

Hjá grönnum okkar á Norðurlöndum, sem tekið höfðu fúnkis og móðernisma opnum örmum, þróuðust einnig ákveðin menningarleg og hugmyndafræðileg sérkenni sem voru í beinu samhengi við merkilegt ævistarf frumkvöðla eins og Gunnars Asplund í Svíþjóð og Eliel Saarinen í Finnlandi á fyrstu áratugum aldarinnar.

Alvar Aalto í Finnlandi og Bretinn Ralph Erskine, sem starfaði í Svíþjóð, eru dæmi um móðernista sem viku frá ströngum geómetrískum formum og mótuðu byggingar sínar á annan hátt, jafnvel ljóðrænan, með vísun í form náttúrunnar.

Áhrif þessarar menningar bárust hingað með Norræna húsinu eftir Aalto sem byggt var á árunum 1966-68 en þau höfðu engin marktæk áhrif á innlendan arkitektúr á þeim tíma.

Hins vegar reis í lok níunda áratugar 20. aldar, bygging á Akureyri sem fjölmiðlar lýstu sem nýstárlegri. Það hús er ríkissalur Votta Jehóva við Sjafnarstíg.

Vottar Jehóva byggðu ríkissal sinn 1987 með öflugu sjálfbóðaliðastarfi, útsjónarsemi og endurnýtingu. Bygginguna hannaði finnski arkitektinn Risto Karjalainen og ber hún merki þessa norræna og mjúka móðernisma.

Form hússins endurspeglar hlutverk þess en þar er samkomusalur og tvær íbúðir. Grunnmynd hússins er skýr og rökrétt og innréttingar íburðarlausar og einfaldar. Húsið er timburhús með múrsteinsklæðningu og er það fellt á fallegan hátt að klöppunum á lóðinni. Mótun þess lýtur eigin lögmálum þar sem skýr munur er í formum á hinum stranga veraldlega hluta og þeim frjálsa og geistlega.

Þrátt fyrir sérkenni hússins og að það sker sig frá viðteknum venjum í okkar umhverfi þá er byggingin látlaus og jafnvel hlédræg.

Þess mun meiri ástæða er til þess að vekja athygli á þessu hógværa öndvegisverki í bæjarmynd Akureyrar og það hlýtur því byggingarlistaverðlaun Akureyrar árið 2021.

Hönnuður: Risto Karjalainen

Byggjandi: Vottar Jehóva

Faghóp Byggingalistaverðlauna Akureyrar árið 2021 skipa:

Pétur Ingi Haraldsson, Árni Ólafsson, Hanna Rósa Sveinsdóttir, Leifur Þorsteinsson